



Fréttabréf
forseta í mars
2018

Kæru formenn

Veturinn er nú á hröðu undanhaldi og fyrstu fíflarnir að byrja að gæjast upp á skjólgóðum stöðum þó að þeirra tími sé alls ekki kominn. Það minnir mig á mikilvægi þess að grípa tækifæri þegar þau bjóðast, jafnvel þó ekki sé alltaf öruggt með árangur og stundum verði að taka smá áhættu. Þetta á líka við í menntamálum og ekki síst í vinnu með börnum og unglingum. Maður veit aldrei hvenær rétta stundin, með réttu viðhorfunum og aðstæðunum, skapast og þess vegna er svo mikilvægt að láta engin tækifæri fara fram hjá ónotuð. Hið sama á við um okkur sjálfar, þegar tækifæri skapast til að vaxa í leik eða starfi er mikilvægt að grípa þau og sjá hvað þau færa manni. Þannig lít ég á starfið í DKG, sem tækifæri til að láta gott af sér leiða og um leið og maður sjálfur vex í aðstæðum sem maður hefði ekki reynt sig við að öðrum kosti. Markmið samtakanna er að efla konur í menntamálum og ég veit enga betri leið til eflingar en að takast á við verkefni. Við erum á þessu ferðalagi saman og tilgangur fréttabréfanna er að deila með ykkur hugmyndum stjórnar og minna á verkefni sem samþykkt voru á framkvæmdaáætlun þessa starfsárs. Við allar saman erum DKG og það gerist ekkert nema við framkvæmum.



Póstur barst frá Kristínu Helgu Guðmundsdóttur í Etadeild fyrir hönd alþjóðlegu félaga og útbreiðslunefndarinnar.

Nefndin er að leita að myndskreiðum sem gerð eru af konum í Evrópu deildunum þar sem konur eru að tala um DKG aðild, hvers vegna þær gengu í samtökin og hvernig það hefur haft góð áhrif fyrir þær. Hugmyndin er að birta þessi myndbönd á alþjóðaráðstefnunni í Austin í Texas í sumar. Ef einhverjar ykkar luma á, eða eru tilbúnar til að búa til, slíkt myndband eruð þið beðnar um að hafa samband við Kristínu Helgu sem er með netfangið samvil.fjarkennsla@gmail.com.



Svo barst líka póstur frá henni Kathrin Hodgson frá Bretlandi. Ég set hann hér með í heilu lagi og þar sem hún bað um að hann yrði framsendur á allar félagskonur bið ég ykkur að koma þessu erindi áfram til kvennanna í ykkar deildum. En á þinginu í Austin í sumar á meðal annars að fjalla um hvernig kennsla getur stuðlað að umburðarlyndi og friði, bæði með fyrirlestrum og stuttum lýsingum á verkefnum sem verið er að vinna í skólum. Kathrin langar til að við, konurnar frá Evrópu, sýnum hvað verið er að vinna á okkar vettvangi og gæti tengst þessu efni. Hér er pósturinn frá Kathrin:

I had a meeting yesterday with Carolyn Pittman and the other three Forum chairs, about a joint **Global Awareness Forum** at the Convention that we have been preparing together. The theme for the session, which will be one hour, is: **Teaching Tolerance and Promoting Peace**. The speakers are now organised.

However, what we would also like to do is to collect resources for *Teaching Tolerance and Promoting Peace*, that can be accessed by any DKG member. This we propose to do by asking all states (countries) to contact members who are involved in projects that support this theme in any way, asking them to provide the following information:

The name of their project

A very short description of what their project does - perhaps maximum 20/30 words?

A web address, that will be accessible through the DKG website (and perhaps in the convention programme through a QR reader)

I know some countries have long-standing projects, but there may be new ones. **Please ask everyone to take part - I would like to show how much is going on in Europe.**

If you could forward this email to your members, with a personal message from you, I would be very grateful. I am having another GoToMeeting on 2nd May, so it would be fantastic if your members could let me have the information by then. If their English is not good - though I imagine much, much better than my Dutch, Estonian, Finnish, German, Icelandic, Norwegian or Swedish! - then perhaps you could help with the translation.

I have deliberately sent this email to two groups - Forum committee members and State Presidents - as your contacts might be slightly different. I am sure they would all be very happy to let the rest of DKG know what fantastic work they are doing.

Ég veit að í mörgum skólum á Íslandi er verið að vinna frábær verkefni sem tengjast þessu þema og hvet ykkur til að nýta þetta tækifæri og vekja athygli á góðum verkefnum.



Ágætu formenn

Þið berið ábyrgð á því að félagatalið í ykkar deildum sé ávalt uppfært. Það er mikilvægt að upplýsingar um nýja féлага berist landsambandinu eins fljótt og hægt er. Samkvæmt lögum skal senda inntökutilkynninguna til gjaldkera (gvjv@simnet.is), formanns féлага og útbreiðslunefndar (sigga@olfus.is) og með tilkomu samskiptamiðla óskum við eftir að tilkynningin sé einnig send til vefstjóra (eyglob@gmail.com) þar sem hann veitir félagskonum aðgang að facebooksíðu félagsins. Eitt af þeim verkefnum sem framkvæmdaráðið samþykkti að vinna að á þessu kjörtímabili er að koma myndum af félagskonum inn í félagatalið. Við báðum um að formenn myndu safna myndum saman og senda í einu lagi á formann féлага-og útbreiðslunefndar. Nú væri gott að sjá þetta verkefni fara að hreyfast aðeins svo hægt sé að fara að gera tilraunir með að koma myndunum inn í félagatalið.

Og svo er hér að lokum endurtekin auglýsing fyrir vorþingið okkar sem haldið verður í Egilsstaðaskóla 5. maí 2018.

Þema þingsins verður „sköpun, gróska og gleði“

Ég vonast eftir að hitta ykkur sem flestar þar.

Dagskrá þingsins verður sem hér segir:

10:00–10:30 Morgunhressing og skráning.

10:30–10:50 Þingsetning og ávarp: Jóna Benediktsdóttir forseti DKG á Íslandi.

10:50–11:20 Orkan í menningu og listum á Austurlandi. Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú.

11:20–11:30 Tónlistaratriði.

11:30–12:00 Lunga skólinn á Seyðisfirði og forsagan. Aðalheiður Borgþórsdóttir fjármálastjóri Lunga og ein af stofnendum Lunga hátíðarinnar.

12:00–12:30 Samræða út frá erindum morgunsins.

12:30–13:30 Hádegisverður.

13:30–14:00 Alþjóðasamtökin: DKG Carolyn Pittman Alþjóðaforseti.

14:00–14:10 Ávarp: Björg Nakling Evrópuforseti.

14:10–14:40 Látum verkin tala. Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarmaður og kennari við listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum.

14:40 – 15:10 Tækni og listir í Verkmenntaskóla Austurlands, Fab Lab og Listaakademía.



Að formlegri dagskrá lokinni verður boðið til móttöku á vegum Fljótsdalshéraðs og tvíréttaðan hátíðarkvöldverð á Gistihúsinu á Egilsstöðum þar sem aðalréttur verður Lambasteik með steinseljurót, gulrótum, kartöflupressu, kremuðu hvítkáli og villisveppagljáa og í eftirrétt skýrmús með sultuðum berjum og hindberjasorbet. Yfir kvöldverðinum er gert ráð fyrir að sitthvað verði til skemmtunar í boði deildanna.

Þeim konum sem óska eftir sérstöku matarræði er bent á að hafa beint samband við Gistihúsið á Egilsstöðum.

Skráning á þingið fer fram með því að greiða inn á reikning samtakanna rn. 546 26 2379

Kt. 491095-2379 og láta nafn félagskonu koma fram sem skýringu. Gjaldið er 4500 kr ef aðeins er ætlunin að taka þátt í ráðstefnunni og 11500 kr fyrir kvöldverð og ráðstefnu.